



Reykjavík 15.11.2018

Borgarráð Reykjavíkur

Tjarnargötu 11
101 Reykjavík

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulags- og samgönguráðs frá 14. nóvember 2018 varðandi eftirfarandi mál.

Aðventa á göngugötu

Lagt er til að göngugötur verði opnaðar í miðborg Reykjavíkur á aðventunni 2018. Meðfylgjandi er tillaga dags. 15. nóvember 2018 með götum og dagsetningum.

*Samþykkt er tillaga að göngugötum dags. 15. nóvember 2018.
Vísað til Borgarráðs*

F.h. umhverfis- og skipulagssviðs

Örn Sigurðsson

Fylgiskjal: tillaga dags. 15. nóvember 2018



Reykjavík 15. nóvember 2018

Til skipulags- og samgönguráðs

Tillaga: Göngugötur í miðborg Reykjavíkur á aðventu 2018

Lagt er til að göngugötur verði opnaðar í miðborg Reykjavíkur á aðventunni og að fyrirkomulag þeirra verði eins og hér segir.

Svæðið

Göngugötusvæðið verði það sama og á sumrin. Það eru eftirfarandi götur:

- Laugavegur og Bankastræti - milli Vatnsstígs og Þingholtstrætis
- Skólavörðustígur - neðan Bergstaðastrætis
- Austurstræti auk Veltusunds og Vallarstrætis
- Pósthússtræti með fyrirvara um að Tryggvagata verði opin á tímabilinu.

Tímabil

Göngugötur verði á tímabilinu 13. til og með 23. desember 2018 (sama tímabil og lengdur opnunartími verslana).

Virka daga á tímabilinu verði göngugötur opnar milli kl. 16:00 og 07:00 en frá 11:00-07:00 um helgar.

Fh. umhverfis- og skipulagssviðs,
Edda Ívarsdóttir, verkefnisstjóri borgarhönnunar